

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Endurnýjun á samningi við Móðurmál – samtök um tvítyngi

Skóla- og frístundasvið hefur frá árinu 2014 gert samstarfssamning við Móðurmál – samtök um tvítyngi. Samningurinn kveður á um að Móðurmál fái afnotarétt af hluta húsnæðis skóla- og frístundasviðs í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til kennslu tvítyngdra barna á laugardögum. Notkun lýkur við skólaslit að vori og hefst að nýju að haust við upphaf skóla. Notkun húsnæðisins verður ákveðin í samráði Móðurmáls við stjórnendur á hverjum stað. Mótframlag samtakanna er í formi fræðslu til foreldra og kennara í leik- og grunnskólum og til frístundaráðgjafa um mikilvægi móðurmáls í námi barna.

Starfsveturinn 2019 – 2020 hefur Móðurmál staðið fyrir margvíslegri fræðslu fyrir og í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Helst má nefna fræðslu um Virkt tvítyngi fyrir kennara og starfsfólk í leikskóla, grunnskóla og á frístundasviði, fræðsla til ýmissa starfsstaða um mikilvægi móðurmáls, boð um þátttöku á árlegum ráðstefnum samtakanna með erlendum fyrirlesurum, fræðslu á sumarsmiðjum kennara, og þátttaka á fjölmenningsarþingi Reykjavíkurborgar. Verkefnið „Allir með“ sem Samfok stóð að í samstarfi við Móðurmál og Reykjavíkurborg fór fram á tíu tungumálum en niðurstöður voru kynntar fyrir skóla- og frístundaráði haustið 2019. Samtökin Móðurmál hafa verið í samstarfi við skóla- og frístundasvið um að koma á viðurkenningu á móðurmálskennslu og er það verkefni nú á lokastigi. Tvítyngd bók Móðurmáls var unnin starfsveturinn 2018 – 2019 og var gefin skólastjórnendum að vori 2020. Skóla- og frístundasvið hefur að auki styrkt skólabókasafn Móðurmálssamtakana.

Móðurmál - samtök um virkt tvítyngi bjóða uppá móðurmálskennslu á yfir tuttugu tungumálum en pólskumælandi hópurinn er þar stærstur með tæplega 400 nemendur. Samtökin eru með um 80 kennara og sjálfboðaliða sem halda utan um kennsluna. Framlag skóla- og frístundasviðs í formi húsnæðis hefur gert samtökunum kleift að halda úti þessari starfsemi.

Samkvæmt samningnum er framlag skóla- og frístundasviðs í formi styrksins metið sem innri leiga að fjárhæð kr. 1.000.000,- á ári, en jafnframt er greiddur kostnaður vegna húsvörslu og þrifa til Fellaskóla og Hólabrekkuskóla að fjárhæð kr. 1.250.000 á ári.

Gert er ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.